

Afbrotatölfræði

Maí 2008

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN


Í síðastliðnum málmánuði voru framin 1.082 hegningarlagabrot. Eru það fleiri brot en í maí 2005 og 2007 en færri brot en í maí 2004 og 2006. Þá voru skráð 6.008 umferðarlagabrot sem er svipaður fjöldi brota og í maí 2006. Fíkniefnabrot voru 124 talsins sem er 23% fækkun samanborið við maí í fyrra (sjá mynd 1).

Á mynd 2 má sjá fjölda innbrota, fíkniefnabrota og líkamsárása/meiðinga fyrstu fimm mánuði ársins 2008. Flest innbrot og fíkniefnabrot voru framin í janúar það sem af er þessu ári en flestar líkamsárásir/meiðingar í mars.


Hraðakstursbrot eru stór hluti umferðarlagabrota á Íslandi. Í maí 2008 voru skráð 4.502 slík brot sem er jafnframt 75% umferðarlagabrota þann mánuðinn. Heldur fleiri eignaspjöll (327 brot) voru framin í ár en í maí í fyrra og það sama á við um þjófnaðarbrotin (302 brot). Innbrot, fíkniefnabrot, áfengislagabrot, akstur gegn rauðu ljósi og nytjastuldur voru færri í maí 2008 en síðustu tvö ár. Þá voru skráð 188 ölvunarakstursbrot sem er svipaður fjöldi og í maí 2006 (sjá töflu 1).

Eins og sjá má á mynd 3 voru 1.539 hraðakstursbrot á höfuðborgarsvæðinu mynduð með hraðamyndavélum í maí. Hvalfjarðarsveitin fellur undir umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi. Þar voru 1.123 hraðakstursbrot skráð með stafrænum hraðamyndavélum en í Fáskrúðsfjarðargöngum voru 153 slík brot skráð.

Í lok maí voru teknar í notkun tvær stafrænar hraðamyndavélar á Suðurnesjum og eru þær staðsettar á Sandgerðisvegi og Garðskagavegi. Myndaði vélin alls 101 hraðakstursbrot á aðeins nokkrum dögum.




Mynd 1. Fjöldi brota í maí 2006, 2007 og 2008 eftir tegund brots.



Mynd 2. Fjöldi í nokkrum brotaflokkum fyrstu fimm mánuði ársins 2008.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í maí 2006, 2007 og 2008.

	maí 08	maí 07	maí 06
Hraðakstursbrot	4502	3484	2765
Þjófnaðarbrot	302	272	313
Eignaspjöll	327	255	315
Innbrot	164	190	201
Ölvun við akstur	188	167	192
Fíkniefnabrot	124	162	195
Áfengislagabrot	90	113	113
Líkamsmeiðingar (217 og 218)	106	92	113
Akstur gegn rauðu ljósi	41	73	93
Nytjastuldur	23	40	49



Mynd 3. Hraðakstursbrot í janúar til maí 2008 sem skráð voru með hraðamyndavélum.

Afbrotatölfræði

Maí 2008

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í maí 2006, 2007 og 2008 eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2008	2007	2006	2008	2007	2006	2008	2007	2006
Akranes	23	21	34	174	200	114	3	4	1
Akureyri	76	83	79	182	259	280	5	5	20
Blönduós	8	0	3	119	308	270	0	1	0
Borgarnes	26	16	11	1329	327	240	10	6	4
Eskifjörður	14	15	17	223	195	131	0	0	0
Húsavík	6	6	8	29	72	29	0	0	2
Hvolsvöllur	10	5	22	240	180	184	0	1	4
Höfuðborgarsvæðið	741	742	1080	2737	2824	3521	71	117	156
Sauðárkrókur	6	9	10	53	143	74	2	0	1
Selfoss	50	47	52	275	376	426	15	9	9
Seyðisfjörður	8	9	8	51	175	67	0	0	1
Snæfellsnes	4	7	7	64	41	71	0	1	0
Suðurnes	75	60	93	398	353	455	16	18	15
Vestfirðir	21	13	25	106	24	78	2	0	2
Vestmannaeyjar	14	7	9	28	33	25	0	0	1
Alls	1082	1040	1458	6008	5510	5965	124	162	216

*Af 1.329 umferðarlagabrotum í Borgarnesi 2008 voru 1.123 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

*Af 223 umferðarlagabrotum á Eskifirði 2008 voru 153 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

*Af 2.737 umferðarlagabrotum á höfuðborgarsvæðinu voru 1.539 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og fíkniefnabrota í maí 2006-2008 eftir umdæmum.

Flest hegningarlagabrot voru skráð á höfuðborgarsvæðinu (741 brot), næstflest á Akureyri (76 brot) og Suðurnesjum (75 brot) enda mesti íbúafjöldinn á þeim svæðum landsins. Brotin voru talsvert fleiri en í fyrra á Blönduósi, í Borgarnesi, á Hvolsvelli, Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum.

Umferðarlagabrot voru 6008 talsins á landinu. Mesta hlutfallslega fjölgunin milli ára varð hjá lögregluumdæminu í Borgarnesi og á Vestfjörðum en mesta hlutfallslega fækkunin á Sauðárkróki og Blönduósi. Umferðarlagabrot voru 1.329 í Borgarnesi en 327 í sama mánuði í fyrra. Má rekja fjölgunin til hraðakstursvélanna í Hvalfjarðarsveit.

Fíkniefnabrot voru 124 talsins sem eru færri brot en í maí 2006 og 2007. Ekkert slíkt brot var skráð í 7 umdæmanna í síðastliðnum mánuði.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 13. júní 2008 og eru tölur fyrir árin 2007 og 2008 bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað, jafnvel þó skráning málanna fari fram á Snæfellsnesi. Er það breyting frá mánaðarskýrslum í júlí til desember 2007 þegar brotin voru skráð undir lögregluembættið á Snæfellsnesi.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.